Félag háskólakennara

Hafðu samband eða kíktu í kaffi

Sími: 525-4770, símsvari tekur á móti skilaboðum ef ekki fæst svar.
Heimasíða: www.fh.hi.is
Netfang: fh@hi.is**,**
Heimilisfang: Háskólabíó, opnunartími er á milli 9-16 alla virka daga.
Framkvæmdastjóri: Helga Birna Ingimundardóttir, helgabirna@hi.is**,**

Fréttabréf nr. 3 starfsárið 2013 – 2014

29. janúar 2014

Kjaramál

Kjarasamningur félagsins rennur út nú í enda janúar í stað mars 2014, vegna sérstaks samkomulags sem BHM gerði fyrir hönd aðildafélaga sinna þann 11. febrúar 2013. Eingreiðsla kr. 38.000 miðað við þá sem eru í fullu starfi nóvember 2013 verður greidd í janúar 2014.

Gengið hefur verið frá viðræðuáætlun félagsins annars vegar og Samninganefndar ríkisins (SNR) hins vegar. Þá hefur stjórn félagsins ákveðið að vinna saman með öðrum stéttarfélögum BHM í sameiginlegum málum, á sama tíma og samið verður um sérmál félagsins. Fyrirkomulag á sameiginlegum kjaraviðræðum aðildafélaga BHM er með þeim hætti að aðildarfélög tilnefna hvert einn fulltrúa og einn til vara. Fulltrúi Félags háskólakennara í sameiginlegri kjaraviðræðum er Jörundur Guðmunsson formaður og Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri til vara. Á fundum samninganefndar situr einn fulltrúi frá hverju félagi.

Viðræðunefnd BHM er skipuð þremur fulltrúum BHM sem eru: Guðlaug Kristánsdóttir formaður BHM og talsmaður hópsins, Stefán Aðalsteinsson framkvæmdastjóri BHM og ritari hópsins, Erna Guðmundsdóttir lögmaður BHM og Georg Brynjarsson hagfræðingur BHM, til vara.

Áherslur í sameiginlegum viðræðum BHM við ríki er afgerandi launaleiðrétting félagsmanna aðildafélaga. Krafan er rökstudd á heimasíðu BHM www.bhm.is og er einnig birt á heimasíðu félagsins og er svona:

„Fjárfesting í menntun er samfélagsleg nauðsyn og til þess að hún nýtist sem best og gefi af sér til samrekstrar þjóðarheimilisins þurfa ákveðnar forsendur að vera til staðar.
Gróflega áætlað fjárfestir íslenskt samfélag um 26 milljónir króna í hverjum háskólamenntuðum einstaklingi í gegnum menntakerfið og gera má ráð fyrir að hann greiði um 124 milljónir til baka í gegnum skattkerfið á starfsævi sinni. Til viðbótar eru þau störf og þjónusta sem háskólamenntað fólk innir af hendi bæði samfélagslega mikilvæg og virðisaukandi. Það er því mikilvægt að þessi fjárfesting nýtist íslensku samfélagi sem allra best og enn mikilvægara að hún tapist ekki.
Lengi hefur legið fyrir að opinberir vinnuveitendur hafa orðið undir í samkeppni um vinnuafl við almennan vinnumarkað á Íslandi, enda launakjör hjá ríki og sveitarfélögum alls ekki eftirsóknarverð frá sjónarhorni háskólamenntaðra sérfræðinga. Launakjör háskólamenntaðra sérfræðinga hjá hinu opinbera hafa á undanförnum árum dregist verulega aftur úr miðað við aðra hópa, eins og meðal annars má sjá í sameiginlegri

greiningu aðila vinnumarkaðar á launaþróun á árunum 2006 til 2012, og eru nú meira en 30% lægri en á almennum markaði.
Vinnumarkaður háskólamenntaðra sérfræðinga er í síauknum mæli alþjóðlegur. Í launamun yfir landamæri hallar mjög á Ísland, sem og í samanburði á ýmsum öðrum samfélagslegum kjörum. Gögn Eurostat um laun háskólamenntaðra á Norðurlöndum, mæld í kaupmáttareiningum, sýna að Ísland var þar í neðsta sæti árið 2006 og lækkaði á árinu 2010 á meðan öll hin löndin hækkuðu. Í þessu samhengi skal bent á að ef ungt fólk sem nýverið hefur lokið námi er hreyfanlegra en þeir eldri og ráðsettari skapast hætta á kynslóðabili innan þeirra geira sem eru útsettir fyrir atgervisflótta hverju sinni.
Þessar staðreyndir styðja við kröfu BHM um leiðréttingu kjara háskólamenntaðra. Þær kröfur miða fyrst og fremst að því að bæta samkeppnishæfni Íslands þannig að það verði ákjósanlegur starfsvettvangur fyrir háskólamenntað fólk, ekki hvað síst í opinberri þjónustu. Þannig getum við tryggt að fjárfesting sú sem samfélagið hefur lagt í menntun nýtist til fulls og forsendur skapist fyrir sjálfbærum hagvexti og bættum lífsgæðum á Íslandi til framtíðar."

Viðræðunefnd BHM og Samninganefndar ríkisins hafa hist á fjórum fundum síðan í byrjun janúar. Ljóst er að mikið ber á milli aðila, þar sem forsendur ríkisins til samninga eru þær sömu og almenni markaðurinn samdi um í lok árs 2013. Á síðasta fundi aðila sem var haldinn 27. janúar voru menn þó sammála því að hvor aðili fyrir sig leggi fram áherslupunkta sína fyrir næsta fund, sem verður haldinn í lok þessarar viku. Hægt er að fylgjast með fréttum af gangi viðræðna á heimasíðum félagsins, BHM www.bhm.is og/eða á Facebooksíðu bandalagsins, Bandalag háskólamanna, með því að gerast „vinur".

Höfðuðáhersla í sérmálum Félags háskólakennara er að virkja samkomulag sem undirritað var 10. maí 2012 um áætlun um nýtt samræmt launakerfi háskólamenntaðs starfsfólks opinberu háskólanna, milli formanns félagsins og samninganefndar ríkisins. Markmið hennar er eftirfarandi:

1. *Að sami stigafjöldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna (háskólakennarar og sérfræðingar) gefi sömu laun, óháð starfsheiti, og að öllum akademískum starfsmönnum verði varpað í sömu launatöflu.*
2. *Laun starfsmanna stjórnsýslu skólans verði skoðuð og samhæfð launum akademískra starfsmanna eins og kostur er.*
3. *Skýra og skilgreina launaröðun og réttindastöðu framhaldsnema (styrkþega).*
4. *Nú launasetning verði innleidd í skrefum samkvæmt nánari samkomulagi.*
5. *Styða og styrkja stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf opinberra háskóla og samráð þeirra í milli til hagræðingar og aukinna gæða.*

Umboð Samninganefndar ríkisins til samninga breytist ekki nema með þrýstingi á stjórnvöld. Mikill hugur er í stjórn félagsins um að komandi kjarasamningsviðræður verði árangursríkar fyrir alla félagsmenn. Rætt hefur verið um það í fullri alvöru að félagið fari í aðgerðir og noti verkfallsvopnið ef samningar stefna í þá átt að uppfylla ekki þær væntingar sem gera má til launahækkana fyrir félagsmenn.

Fundargerðir stjórnar

Á stjórnarfundi í byrjun janúar sl. var ákveðið að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu félagsins www.fh.hi.is Munu þær birtast undir liðnum „Um FH" og vonast stjórn félagsins til þess að þessi nýbreytni mælist vel fyrir. Birting fundargerða stjórna auðveldar félagsmönnum að fylgjast með umræðum og ákvörðunum stjórnar á hverjum tíma. Persónuleg- og viðkvæm mál félagsmanna verða að sjálfsögðu ekki birt.

Kjarakönnun BHM

Nú fer kjarakönnun BHM af stað aftur og mun fyrirtækið Maskína sjá um hana eins og í fyrra. Allir félagsmenn sem voru í starfi í nóvember 2013 munu fá sendan tölvupóst um mánaðarmótin mars/apríl nk., þar sem óskað verður eftir þátttöku. Kjarakönnunin er því ekki aðeins mikilvægt tól til

að varpa ljósi á kjör félagsmanna þá stundina heldur er megináherslan í þessu framtíðarverkefni bandalagsins að koma upp tölfræðigagnagrunni með gögnum frá öllum aðildarfélögum. Verkefnið gekk vonum framar í fyrra og svörun var það góð að niðurstöðurnar voru nothæfar og trúverðugar.

Stjórn Félags háskólakennara hvetur alla félagsmenn að taka þátt í könnuninni. Mikilvægt er að svarhlutfall verði mun hærra í ár en í fyrra þegar það náði ekki 30%.